

Kristinn Karl Garðarsson fh. Óðalhúsa ehf. óskar eftir breytingum á skipulagi lóðarinnar að Víkurskarði 12. Sótt er um færslu á byggingarreit.

Í skilmálum fyrir Víkurskarð 12 sem skilgreint er sem húsgerð R2 segir:

„R2

Samtals 26 hús, með tveimur íbúðum.

Húshæð

Eins til tveggja hæða hús. Sjá nánar skýringarmyndir fyrir hvert og eitt hús.

Þakgerð

Einhalla með hæðsta punkt til suðurs, en flatt þar sem unnið er með þakgarða.

Byggingarefni


Mælt er með að nota vistvæn byggingarefni við hönnun húsa.

Bílastæði

Gert er ráð fyrir tveimur stæðum á lóð.

Bílskúr / Opið bílskýli

Mögulegt er að vera með bílskúr / opið bílskýli í þeim húsum sem eru ofan við götu, en hann skal vera innan byggingarreits. Mælst er til að nýta vel landhalla við staðsetningu á bílskúr / skýli. Opið bílskýli telst sem hluti af nýtingarhlutfalli húss.“



Í bréfi óðalhúsa dags. 27.11.2018 kemur fram eftirfarandi beiðni:

1. Færsla á byggingarreit á austara húsinu. Óskað er eftir færslu á byggingarreit um 4 metra til austurs og 6 metra til suðurs á baklóð hússins. Þannig að byggingarreitur stækkar um 24 ferm. Og verður ferkantaður á baklóðinni.
2. Færsla á eystra húsinu um 1,5 metra til suðurs þannig að hægt verði að koma fyrir bílastæði fyrir framan húsið.

Ofangreind húsgerð R2 hefur í tvígang verið auglýst til úthlutunar sem ætluð var einstaklingum. Engin lóðarumsókn barst. Skilmálar þessara 26 lóða eru með þeim hætti að þeir kunna að valda óþarfa flækjustigi hjá lögaðilum sem sinna framkvæmdum með byggingu og sölu fasteigna að markmiði. Ef opna á fyrir úthlutun þessara lóða til lögaðila, er eðlilegt að einfalda byggingarreiti og skoða fyrirkomulag bílastæða á lóð, með það í huga að frágangur verði sem einfaldastur, svo sem nýting lóðar, reksturs fasteignar, bílastæði og skipting eigna m.a. vegna laga um fjöleignarhús.

Þormóður Sveinsson skipl.fltr.